

16

Ár	Fæddir.	Dánir.	Fæddir fleiri en dánir.	Slysfarir.	Hjónabönd.	Fæddir.	Ár	Fæddir.	Dánir.	Fæddir fleiri en dánir.	Slysfarir.	Hjónabönd.	Fæddir.
1852	2455	1443	+1012	88	446		Fluttur	25883	19491	6392	890	4600	5098
3	2545	1200	1345	58	472		1862	2693	2874	÷ 181	101	420	1213
4	2557	1509	1048	144	418		3	2648	2115	+ 533	133	439	1270
5	2499	1890	609	79	414		4	2760	2001	759	195	507	1430
6	2477	1485	992	67	544		5	2757	2100	657	92	421	1537
7	2748	1655	1093	107	531	1235	6	2662	3095	÷ 433	116	431	1473
8	2937	2019	918	85	487	959	7	2743	1770	+ 973	83	412	1619
9	2680	2573	107	100	406	1327	8	2449	1970	479	85	349	1441
1860	2460	3326	÷ 866	73	418	837	9	2177	2404	÷ 227	106	324	1458
1	2525	2391	+ 134	89	464	740	1870	2276	1698	+ 578	85	355	1365
							1	2276	1890	386	119	354	1537
Flyt 25883 19491 6392 890 4600 5098							Alls 51324 41408 9916 2005 8612 19441						

Þegar þessum 20 árum er flokkað í 5 ára tímabil, og reiknað er út meðaltalið fyrir hvert ár í tímabilinu, koma út eptirfarandi upphæðir, og hefir aptur verið tekið meðaltalið af þeim, og þar við bœtt tölunum fyrir 1873—77 með meðaltalinu fyrir hvert ár í þessu tímabili:

5 ára tímabil.	Fæddir		Dánir		Fæddir fleiri en dánir		Slysfarir		Hjónabönd		Fæddir	
	alls	árlega	alls	árlega	alls	árlega	alls	árlega	alls	árlega	alls	árlega
1852—56	12533	2506,6	7527	1505,4	5006	1001,2	436	87,2	2294	458,8		
1857—61	13350	2670	11964	2392,8	1386	277,2	454	90,8	2306	461,2	5098	1019,6
1862—66	13520	2704	12185	2437	1335	267	637	127,4	2218	443,6	6923	1384,6
1867—71	11921	2384,2	9732	1946,4	2189	437,8	478	95,6	1794	358,8	7420	1484
Samtals	51324	10264,8	41408	8281,6	9916	1983,2	2005	401,0	8612	1722,4	19441	3888,2
Meðaltal												
1852—71	12831	2566,2	10352	2070,4	2479	495,8	501,25	100,25	2153	430,6	6480,8	1296,08
1873—77	11821	2364,2	8317	1663,4	3504	700,8	474	94,8	2248	449,6	7208	1441,6

Stjórnarbrjef og auglýsingar.

17 — Brjef landshöfðinga til biskups um að fresta auglýsingu á 2 presta-
27. jan. köllum. — Í tilefni af því að Reynistaðarklausturs prestakall nýlega er orðið laust, hafið þjer, herra biskup, í þóknanlegu brjefi frá 24. p. m. látið í ljósi, að yður virðist ísjárvert, þegar prestaköll þau losna, er samkvæmt uppástungum prestakallanefndarinnar, er væntanlega munu verða lagðar fyrir næsta alþing, hefir verið lagt til um, að annaðhvort yrði lögð niður eða skipt, þegar að veita prestaköll þessi, þar eð framkvæmdin á hinni fyrirhuguðu breyting á skipun prestakalla gæti beðið tjón við það, eða orðið frestað um óákveðinn tíma.

Með því jeg er yður, herra biskup, samdóma um, að eptir því sem á stendur sje ástæða til, ef viðkomandi embætti verði sjeð fyrir tilhlýðilegri þjónustu á millibílinu, að auglýsa ekki slíkt prestakall sem laust, áður en málið um aðra skipun prestakalla hefir verið lagt fyrir alþingi næsta sumar, er prestinum að Glaumbæ, prófasti sira Jóni Hallsyni, hjer með veitt skipun til ásamt sínu eigin embætti að þjóna Reynistaðarklausturs prestakalli til fardaga 1880, þannig að hann njóti allra preststekna af því brauði um

nefnt tímabil. Sömuleiðis er presturinn að Ríp sira Ólafur Bjarnarson settur til ásamt sínu eigin embætti að þjóna til fardaga 1880 Fagraness og Sjávarborgarprestakalli, gegn því að hann njóti allra tekna prestakalls þessa, meðan hann þjónar því. 17 27. jan.

Í sambandi hjer með læt jeg fylgja beiðni, er mjer barst með póstinum í fyrra dag um, að Hallormsstaðarprestakall, er kvað vera orðið laust við dauða sira Sigurðar Gunnarssonar, verði ekki auglýst fyrir næsta þing, til þess að tillit geti orðið tekið til uppástungu þeirrar, er kom fram á prestakallafundinum í Suðurmúlasýslu, um að jörðin Hallormsstaður verði gjörður að landbúnaðarskólasetri, og vil jeg í tilefni af þessu skjóta því til herra biskupsins, hvort ástæða muni vera til, þar eð prestakallanefndin hefir lagt það til, að Hallormsstaðar og Þingmúla prestaköll verði sameinuð, að fresta veitingu Hallormsstaðar prestakalls á sama hátt, og að ofan er ákveðið með tilliti til Reynistaðarklausturs brauðsins — eða að bæta við auglýsinguna um, að Hallormsstaðar prestakall sje laust, því skýlausa skilyrði, að ef brauðið verði sameinað við Þingmúla, eigi presturinn að setta sig við, að honum sje gjört að skyldu að búa á Þingmúla og afhenda prestssetrið Hallormsstað til afnota fyrir landbúnaðarskóla, er kynni að verða stofnaður fyrir Múlasýslurnar, gegn því, að honum gyldist landskuld og leigur af nefndri jörð.

— *Brjef landshöfðinga til biskups um útbýtingu á styrktarfje handa uppgjafa prestum og prestaekkjum.* — Með brjefi þessu og öðru brjefi frá 20. s. m. úthlutaði landshöfðingi, samkvæmt tillögum biskups 46 prestaekkjum og 2 uppgjafaprestum þeim 2500 kr., er veittar eru með 13. gr. A. b. 3. fjárlaganna. 18 27. jan.

Af þeim prestaekkjum er fengu styrk í fyrra (sjá landshöfðingjabrjef 18. jan. 1878 — stjórnartíð. B. 10. —) voru nú úr gengunar Margrjet Magnúsdóttir frá Skorrastað, Olafía Ólafsdóttir frá Hesti og Sigríður Benidiktsdóttir frá Einholti; en við bæzt höfðu: Jóhanna Andrea Lúðviksdóttir, ekkja sira Bjarnar á Sandfelli, og fjekk hún . . . 40 kr. og Helga Árnadóttir, með dómi skilin við sira Jón í Skarðsþingum . . . 40 — Hærra styrk en þann, sem þeim var úthlutað með landshöfðingjabrjefi 18. jan.

1878 fengu:

Halldóra Jónsdóttir frá Hvammi (áður 30 kr.)	40 —
Halldóra Jónsdóttir frá Nesþingum (áður 30 kr.)	40 —
Helga Eiríksdóttir frá Garði (áður 60 kr.)	80 —
Ingibjörg Thorarensen frá Stokkseyri (áður 40 kr.)	50 —
Málmfríður Jónsdóttir frá Uppsum (áður 50 kr.)	70 —
Oddný Pálsdóttir frá Kálfafellsstað (áður 40 kr.)	60 —
Sigríður Ingimundsdóttir frá Otrardal (áður 40 kr.)	60 —
Aptur á móti var styrkurinn handa þessum prestaekkjum lækkaður:	
Elínu Einarsdóttur frá Þingeyraklaustri (áður 85 kr.)	70 —
Margrjetu Narfadóttur frá Glæsibø (áður 85 kr.)	80 —
Hinar ekkjurnar fengu hinar sömu upphæðir og í fyrra samtals	1730 —
Þar að auki voru lagðar 2 uppgjafaprestum eins og í fyrra	140 —

Kr.: 2500¹ =

1) Samkvæmt skýrslu biskups höfðu á árinu 1878 auk ofannefndra

kr. 140 handa uppgjafaprestum og kr. 2360 handa prestaekkjum.

verið greidd eptirlaun — 5193 — — — 3329,25 — —

sýnóðusstyrkur — 781²⁷ — — — 1098,23 — —

alls kr. 6114²⁷ handa uppgjafaprestum — kr. 6787,48 handa prestaekkjum.